

26. fundur skólanefndar haldinn í Reykholtsskóla, mánudaginn 31. október 2022, kl. 15:30.

Fundinn sátu:

Áslaug Alda Þórarinsdóttir, Sólmundur Magnús Sigurðarson, Harpa Sævarsdóttir, Hildur Hálfdanardóttir, Lára Bergljót Jónsdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti., Elfa Birkisdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara, Jórunn Elva Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra leikskólabarna, Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna leikskóla, Ólöf Kristjánsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólabarna.

Sveinn Ingi Sveinbjörnsson og Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg boðuðu forföll.

Fundargerð ritaði: Sólmundur M. Sigurðarson, ritari skólanefndar.

1. Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna - 2109013

Kynning Skóla- og velferðarþjónustu á innleiðingu samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna.

Kristín Arna Hauksdóttir, sérfræðingur hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, kom inn á fundinn undir þessum lið og kynnti verkefni sem snýr að innleiðingu samþættrar þjónustu í þágu farsældar barna. Skólanefnd þakkar fyrir kynninguna.

2. Samskipti skóla og trúfélaga - 2210050

Erindi Ragnhildar Sævarsdóttur, dags. 19.10.2022, þar sem lagt er til að mótuð verðu stefna um samskipti skóla og trúfélaga.

Eftirfarandi erindi var lagt fram:

Ég óska eftir því að Skólanefnd Bláskógabyggðar marki sér stefnu um samskipti skóla og trúfélaga. Þar sem markmiðið yrði m.a. að koma í veg fyrir að foreldrar og börn þeirra þyrftu að opinbera lífsskoðun sína.

Til útskýringar

Á dögunum fékk ég póst frá Bláskógaskóla á Laugarvatni þar sem kom fram að Gídeonfélagið hefði gefið skólanum Nýja testamentið og nú ætti að afhenda börnum í 5.bekk ritið. Þeir foreldrar sem vildu afþakka að barnið þeirra fengi ritið voru beðnir um að senda svar þess efnis. Ég afþakkaði fyrir mitt barn og stakk í leiðinni upp á því að foreldrar kæmu frekar og sæktu ritið fyrir sitt barn fremur en að þau yrðu afhend á skólatíma. Svo varð ekki og börnum í 5.bekk var afhent ritið. Mitt barn og eitt annað að auku fengu ekki ritið og voru þar með skilin útundan - í boði skólans. Þetta tel ég óásættanlegt og til skammar fyrir sveitarfélagið.

Bláskógabyggð er orðið mikið fjölmenningsarsamfélag og því er eðlilegt að sveitarfélagið taki fyrir trúboð einstakra trúfélaga því það leiðir til sundrunar, eineltis og er ekki í takti við tíðarandann.

Mannréttindasáttmáli Evrópu kveður á um rétt foreldris til uppeldis barns síns. Þar segir í 2. gr.

samningsviðauka nr. 1: Engum manni skal synjað um rétt til menntunar. Hið opinbera skal í öllum ráðstöfunum sínum, er miða að menntun og fræðslu, virða rétt foreldra til þess að tryggja það að slík menntun og fræðsla sé í sam-ræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra. Menntamálaráðuneytið sendi frá sér tilmæli árið 2013 og er þessi klausa þ.á.m.: „Eftir fremsta megni skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.“

Tilmælin frá Menntamálaráðuneytinu eru 9 ára gömul og því orðið tímabært að sveitarfélagið taki á þessu máli.

Með von um farsælan endi.

Ragnhildur Sævarsdóttir, Hjálmsstöðum, Bláskógabyggð.

Skólanefnd tekur undir að stefna um móttöku gjafa skuli vera mörkuð og tekin fram opinberlega t.a.m. í nýrri skólastefnu sveitarfélagsins. Einnig telur skólanefnd mikilvægt að sú stefna skuli samþætt milli skóla sveitarfélagsins.

3. Námsleyfasjóður vegna ársins 2022-2023 - 2109029

Tilkynning Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21.10.2022 um úthlutun úr námsgagnasjóði.

Tilkynningin var lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. .

Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Sólmundur Magnús Sigurðarson

Hildur Hálfðanardóttir

Harpa Sævarsdóttir

Lára Bergljót Jónsdóttir,

Elfa Birkisdóttir,

Ólöf Kristjánsdóttir,

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir,

Jórunn Elva Guðmundsdóttir,

Guðbjörg Gunnarsdóttir,